



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 1. mars 2021
SFS2020110056
203. fundur
HG/res

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi útborgun launahækkana vegna kjarasamnings grunnskólakennara

Á 195. fundi skóla- og frístundaráðs, 10. nóvember 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvers vegna komu launahækkarnir vegna síðustu kjarasamninga grunnskólakennara ekki til útborgunar um síðustu mánaðamót? Hvenær verða þær greiddar út?

Svar:

Laun samkvæmt nýjum kjarasamningi grunnskólakennara voru greidd út 1. desember 2020, þar sem að niðurstöður úr atkvæðagreiðslu kjarasamningsins lágu ekki fyrir fyrr en 23. október 2020. Unnið er eftir skýrum verklagsreglum launaskrifstofu Reykjavíkurborgar um að allar launabreytingar, þ.m.t. breytingar vegna nýrra kjarasamninga, þurfa að berast launaskrifstofu fyrir miðjan mánuð svo að hægt sé að greiða laun samkvæmt fyrirbyggjandi breytingum mánaðamótin þar á eftir. Þetta verklag hefur gilt gagnvart öllum starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Lögð er mikil áhersla á að greiða rétt laun á réttum tíma fyrir þá tæplega 10 þúsund starfsmenn Reykjavíkurborgar sem fá greidd laun í hverjum mánuði. Til þess að svo megi verða þarf mikið skipulag og samræmda verkferla sem launaskrifstofa kappkostar að fylgja.